



Fundarboð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps
mánudaginn 6. júní 2011, kl. 10:00

Fundarstaður: fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Egill Sigurgeirsson, Herdís Erna Matthíasdóttir. Einnig sat fundinn Bogi Kristinsson skipulags – og byggingafulltrúi.

Fundargerð er rituð á tölvu og er tvær blaðsíður.

Formaður setti fundinn, bauð fólk velkomið og óskaði eftir því að taka eitt mál undir liðinn önnur mál, var það samþykkt.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1102006 – Aðalskipulagsbreyting vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi.

Breyting á aðalskipulagi ásamt umhverfisskýrslu, erindi frá Landmótun dagsett 1. júní 2011.

Nefndin fór yfir fyrirbyggjandi gögn. Umsagnir vegna skipulagslýsingar og matslýsingar hafa borist frá:

- Umhverfisstofnun dags. 25. Maí 2011
- Fiskistofu dags. 30. Mars 2011
- Skipulagsstofnun dags. 21.mars 2011

Tekið var tillit til umsagnanna við frágang á aðalskipulagsbreytingunni.

Aðalskipulagsbreytingin er samþykkt samhljóða. Nefndin leggur til við hreppsnefnd að samþykkja aðalskipulagsbreytinguna og auglýsa hana

Kynna þarf tillöguna íbúum og öðrum hagsmunaaðilum, ákveðið er að hafa opið hús miðvikudaginn 8. júní á skrifstofu hreppsins frá kl 12.00 – 15.30, þar sem áhugasamir geta kynnt sér breytingarnar. Samþykkt samhljóða.

2. 1106001 – Deiliskipulag fyrir svæði 4 á Vestfjarðarvegi vegna vegagerðar.

Deiliskipulag þar sem Vestfjarðarvegur liggur um verndarsvæði, þverun Kjálkafjarðar, Litla Nes, Kirkjuból og þverun Mjóafjarðar. Erindi frá Landmótun dagsett 1. júní 2011.

Deiliskipulagið samþykkt. Nefndin leggur til við hreppsnefnd að samþykkja deiliskipulagið og auglýsa það og leita umsagnar hjá viðeigandi stofnunum. Samþykkt samhljóða.

3. 1106002 – Þórisstaðir 139699, Þórisstaðir lóð 1 139700, deiliskipulag.

Fyrirhuguð vinna við deiliskipulag jarðanna, erindi frá X2, hönnun og skipulag dagsett 18. maí 2011.

Unnið er að aðalskipulagsbreytingu þessa daganna vegna Vestfjarðarvegur nr. 60, er sú vinna á lokastigi og verður það auglýst fljótlega. Fyrirspurnin rúmast ekki innan þeirrar breytingar. Fleiri breytingar liggja fyrir á næstu árum sem munu kalla á ákvörðun um aðalskipulagsbreytingu.

4. 1106003 – Króksfjarðarnes lóð 20 175235, vatnslögn að sumarbústað.

Erindi frá Lenu G. Hákonardóttur og Árna Ólasyni dagsett 28. maí 2011.

Samþykkt að tengja bústað við vatnsveitu. Nefndin leggur til við hreppsnefnd að við álagningu inntaksgjalds á fasteignina við tengingu við aðallögn vatnsveitunnar verði frádregin greidd vatnsgjöld síðustu fjögurra ára. Samþykkt samhljóða.

5. 1106004 – Embætti skipulags og byggingafulltrúa.

Erindi frá sveitarstjóra Dalabyggðar dagsett 24. maí 2011.

Nefndin leggur til við hreppsnefnd að kosinn verði fulltrúi og varafulltrúi í stjórn embættis skipulags- og byggingafulltrúa. Samþykkt samhljóða.

6. 1102007 – Gildistaka mannvirkjalaga.

Ákvörðun hvort bygginganefnd eigi að starfa áfram í hreppnum, erindið var tekið fyrir á fundi nefndarinnar þann 17. febrúar s.l.

Nefndin leggur til við hreppsnefnd að bygginganefnd verði lögð niður og byggingafulltrúa veitt umboð til útgáfu byggingaleyfa samkvæmt nýjum mannvirkjalögum. Samþykkt samhljóða.

7. 1105016 – Slysavarnir í höfnum, öryggisbúnaður í hafnir Reykhólahrepps.

Úttekt Siglingastofnunar dagsett 15. apríl 2011 vísað til umsagnar í nefndina.

Nefndin leggur til við hreppsnefnd að búnaður verði keyptur og að viðhaldsmanni fasteigna verði falið að athuga með bjölluskáp og ljós í stigum og koma búnaði fyrir.

8. 1106005 – Ný byggingareglugerð.

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 30. maí 2011.

Drögin kynnt.

9. 1106006 – Leiðbeinandi fyrirmynd að gjaldskrá samkvæmt skipulagslögum.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 1. júní 2011.

Kynnt.

10. 1106007 – Framkvæmdaleyfi vegna efnisvinnslu.

Erindi frá Sigurði Mar Óskarssyni, Vegagerðinni, dagsett 31. maí 2011.

Framkvæmdaleyfi samþykkt samhljóða.

11. 1104002 – Hafrafell 1 139574, stofnun lands. Landskipting.

Uppdráttur vegna landskipta frá Landmótun 3. júní 2011.

Nefndin samþykkir landskiptin. Samþykkt samhljóða. Herdís Matthíasdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

12. 1106008 – Sólbakki 139767, stækkun byggingareits og viðbygging við sumarhús 212-2814.

Erindi frá Kristínu Ingimarsdóttur dagsett 4. maí 2011.

Nefndin tekur jákvætt í erindið. Byggingafulltrúa falið að athuga stærð lóðar og hvort fyrir liggi þinglýstur lóðaleigusamningur. Byggingareitur verður settur inn á nýtt deiliskipulag.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 12:35
